

Sp.

446. Tillaga til þingsályktunar

[239. mál]

um hafnargerð við Dyrhólaey.

Flm.: Siggeir Björnsson, Jón Helgason, Steinþór Gestsson, Böðvar Bragason,
Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Þær áætlanir, sem fyrir liggja, verði endurskoðaðar og notagildi hafnarinnar endurmetið, m. a. með tilliti til útflutnings á Kötluvikri í miklum mæli.

Skal verki þessu hraðað svo sem verða má og lokið ekki síðar en fyrir árslok 1983.

Greinargerð.

Jarðefnaíðnaður h/f hefur að undanfögnu látið rannsaka gæði Kötluvikurs í rannsóknarstofnun hér heima og í Þýskalandi. Í fréttatilkynningu frá stjórn Jarðefnaíðnaðar h/f segir m. a.: „Efniseiginleikar og gæði vikursins uppfylla kröfur þýskra staðla um léttsteypu. Í heild eru efniseiginleikar og gæði Kötluvikursins góð og verulega betri en fyrir fram var búist við.“ Einnig segir, að nýtilegur vikur sé að minnsta kosti 300 000 000 m³ á Mýrdalssandi vestan og norðan Hjörleifshöfða. Má sennilega reikna með að á öllum sandinum sé nýtilegur vikur þrisvar til fjórum sinnum meiri en það.

Jarðefnaíðnaður h/f hefur látið gera umfangsmiklar rannsóknir á því, hvernig heppilegast væri að koma vikrinum í skip er lægi úti fyrir sandinum. Vegna hafnleysis var gert ráð fyrir færíbandi eða dælingu. Að áliti færustu manna er flutningur á vikrinum tæknilega mögulegur með þeim hætti, en mjög dýr vegna mannvirkja er gera yrði og koma væntanlega ekki til annarra nota.

Víða um Vestur-Evrópu er vaxandi eftirspurn eftir vikri, Hekluvikri og væntanlega Kötluvikri, eftir að hann hefur fengið gæðastimpil, eins og áður er getið. Telja má öruggt að á næstu árum verði markaður fyrir hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir tonna af íslenskum vikri árlega í nálægum löndum, þar sem jarðefni til bygginga eru að ganga til þurrðar.

Höfn við Dyrhólaey gæti leyst fyrrnefnda örðugleika á flutningi vikurs um borð í skip. Þar er því komin ný forsenda fyrir hafnargerð við Dyrhólaey í viðbót við eldri rök fyrir því máli.

Útflutningur vikurs í stórum stíl um höfnina gæfi tekjur til hafnarinnar sjálfrar, auk þess sem Kötluvikurinn yrði markaðsvara erlendis og færði þjóðinni erlendan gjaldeyri. Auk þess skapar þetta atvinnu við flutning vikursins og jafnvel vinnslu úr honum, auk annarra möguleika sem höfn gefur. Full þörf er á aukinni atvinnu og fjölbreyttari á þessu svæði.

Tillaga svipuð þessari var flutt á 102. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Mál þetta er nú flutt á nýjan leik í trausti þess, að það nái nú fram að ganga.